54 skal hann þá taka nýtt leyfisbrjef», o. s. frv. eigi aðeins við það venjulega til-
20. apríl felli, að leyfisbrjef hafi verið tekið hjá lögreglustjóranum í því lögsagnarumdæmi, þar sem hlutaðeigandi ætlaði að nota það, og síðan hefur notað það enda eru og í tilskipuninni engin ákvæði um það, hvenær á árinu leyfisbrjefið skuli tekið. Aptur á móti virðast ákvæðin ekki geta átt við þau tilfelli, þegar menn vegna ákvæðisins í lögum 2. febr. f. á. um, að leyfisbrjefið skuli tekið fyrir 1. maí verða að leysa leyfisbrjef annarsstaðar en þar, sem menn ætla sjer að nota leyfið, því að eptir hlutarins eðli verður leyfisbrjefið að hafa eitthvert gildi, þegar það er útgefið lögum samkvæmt. Fyrirspurn yðar svarast því þannig, að þegar maður, sem fengið hefur lausamennskuleyfi, þegar á fyrsta vinnuhjúaskildaga eptir að hann fjekk leyfið flytur sig í annað lögsagnarumdæmi, án þess að nota leyfið þar sem hann fjekk það, þá þurfi hann ekki að leysa nýtt brjef samkvæmt ákvæðunum í tilskipun 26. maí 1863 § 7 í því lögsagnarumdæmi sem hann flytur sig í.

Auglýsing.

Með því að 1. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, Þórarinn prófastur
55 Böðvarsson, er látinn 7. þ. m., þá er hjer með samkvæmt 27. gr. laga um kosn-
10. maí ingar til alþingis frá 14. sept. 1877 fyrirskipað, að kosning skuli fram fara um miðjan júním. næstkomandi á þingmanni fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir þann tíma, sem hinn látni þingmaður átti eptir af kjörtíma sínum.

Þetta er hjer með birt öllum hlutaðeigendum, og er jafnframt lagt fyrir kjörstjórnina í Gullbringu og Kjósarsýslu að undirbúa kosningu þessa og stjórna henni samkvæmt fyrirmælum kosningarlaganna.

Reykjavík 10. maí 1895.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Yfirskattanefndir.

Með brjefi landshöfðingja, dags. 21. marz, eru eptirnefndir menn skipaðir í *yfirskattanefnd fyrir Akureyrarkaupstað* um næstu 3 ár.

verzlunarstjóri Halldór Gunnlögsson
prentari Björn Jónsson
umboðsmaður St. Stephensen
og til vara
söðlasmiður Jakob Gíslason

og með brjefi landshöfðinga, dags. s. d. voru skipaðir í *yfirskattanefnd fyrir Seyðisfjarðarkaupstað*:

Lyfsali H. I. Ernst
kaupmaður Kristján Hallgrímsson
—— Snorri Wium
og til vara
kennari Lárus Tómasson.